

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Kjósarhrepps nr. 781/2013.

1. gr.

A-liður 40. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

A. Fulltrúar í fastanefndir kjörnir út kjörtímabilið á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Markaðs-, atvinnu- og menningarmálanefnd.* Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara í markaðs-, atvinnu- og ferðamálanefnd. Nefndin fer með markaðs-, atvinnu- og menningarmál sveitarfélagsins samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett þar um.
2. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara í skipulags- og byggingarnefnd. Skipulags- og byggingarnefnd fer með skipulags- og byggingarmál samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og reglugerð um landskipulagsstefnu nr. 1001/2011. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.
3. *Veitunefnd.* Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara í veitunefnd. Nefndin fer með veitumál samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um vatns- og hitaveitur. Nefndin fer með umferðarmál samkvæmt lögum nr. 50/1987 og fjarskiptamál. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.
4. *Kjörstjórn.* Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara í kjörstjórn. Kjörstjórn fer með þau verkefni sem henni eru falin samkvæmt ákvæðum laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna og laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Kjósarhrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 15. júlí 2014.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.